

Nd.

690. Framhaldsnefndarálit

í málinu: frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi (þskj. 678).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Háttvirt efri deild hefir gert allmargar breytingar á frumvarpinu, langflestar þó að eins orðabreytingar, sem margar eru fremur til bóta. Aðalefnisbreytingin er fólgin í því (sbr. 9. gr.), að veitingamönnum og vinsöllumönnum, þeim er leyfi hafa til vinsölu hér á landi, er heimilað, að halda þessu leyfi til 1. jan. 1915, þar sem þetta leyfi, samkvæmt frv. neðri deildar, átti að falla niður 1. jan. 1912, um leið og aðflutningsbann á áfengi kæmi til framkvæmdar. Nefndin lítur að visu svo á, að þessi breyting spilli að nokkru tilgangi frumvarpsins, en vill þó ekki gera hana að deilvatriði, og ræður háttv. deild til að samþykkja frv. óbreytt.

Að öðru leyti verður gerð frekari grein fyrir breytingunum við framsögu málsins.